

Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um verð dýralyfja og dýralæknakostnað.

Frá Jónönnu Erlu Pálmadóttur.

1. Hversu mikið hafa tollar á dýralyf fyrir húsdýr hækkað sl. 10 ár og hversu mikið hefur meðalkostnaður við lyfin hækkað samkvæmt búreikningum?
2. Hafa áhrif af hækkun lyfjaverðs á mjólkurverð verið greind?
3. Hvernig hefur aksturskostnaður dýralækna þróast og er þróunin í samræmi við gjaldskrár ríkisins?
4. Telur ráðherra að lög nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, þar sem eftirlitsstörf og almennar dýralækningar voru m.a. greind að, hafi orðið bændum til hagsbóta?
5. Hversu mikið hafa greiðslur bænda vegna lögboðins eftirlits dýralækna- og heilbrigðis- eftirlits sveitarfélaga aukist sl. 10 ár?

Skriflegt svar óskast.